

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Þingeyrar - Trumbsvalir



Reykjavík 2014

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ÞINGEYRAR	3
FJARKANNANIR	5
KÖNNUNARSKURÐIR Á TRUMBSVÖLUM	6
NÍÐURSTÖÐUR	8
HEIMILDASKRÁ	9
VIÐAUKAR	10
1. FUNDASKRÁ	10
2. JARÐLAGASKRÁ.....	11
3. TEIKNINGAR	13
4. LJÓSMYNDASKRÁ	16
5. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	25

© Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2014
Kortlagning klaustra á Íslandi: Þingeyrar- Trumbsvalir
Vettvangsskýrsla VII

Reykjavík: höfundar
Forsíðumyndin er af snældusnúði sem fannst á Trumbsvölum.

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við nýja fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar klaustranna sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000-1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ. Í Viðauka 5 má sjá staðsetningu klausturstaðanna sem skoðaðir verða í þessari rannsókn.

Farnar voru tvær vettvangferðir á Þingeyrar í Húnaþingi í apríl og ágúst 2014 innan ramma þessarar rannsóknar. Þann 25. og 26. apríl voru gerðar fjarkannanir á staðnum. Starfsmenn voru þá sjö talsins, auk Steinunnar Kristjánsdóttur verkefnisstjóra. Margrét Valmundsdóttir sá um mælingar með radarjarðsjá, Mark Graham sá um viðnámsmælingar og Frank Giecco sá um segulmælingar. Að auki voru aðstoðarmenn þeirra þau Joanne Stamper, Raymond Newton, Ian Thomson og Michael Fairfield. Margrét er fornleifafræðingur en Mark og Frank eru báðir með meistaragráðu í umhverfisfornleifafræði. Í næstu ferð, sem var farin dagana 18.–19. ágúst, voru starfsmennirnir þrír auk Steinunnar. Það voru Vala Gunnarsdóttir, Hermann Jakob Hjartarson og Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir. Að þessu sinni sáu starfsmenn um töku könnunarskurða, ljósmyndun, og skráningu og frágang gagna. Hermann og Vala eru fornleifafræðingar og Hrafnhildur er nemi í fornleifafræði. Að auki er Vala með meistaragráðu í safnafræði. Minjavörður Vesturlands, Þór Hjaltalín, var einnig með í för en leyfi Minjastofnunar til rannsókna á staðnum var aðeins veitt með þeim skilyrðum að þær yrðu framkvæmdar undir eftirliti hans. Ástæðan fyrir því er sú að minjar sem skoða átti á Þingeyrum og á Trumbsvölum eru friðlýstar með lögum.


Höfundar vilja þakka landeigendum á Þingeyrum, Ingimundi Sigfússyni og Valgerði Valsdóttur, fyrir hvatningu, velvild og aðstoð vegna rannsókna á jörð þeirra. Þá eru ábúendum, Gunnari Ríkharðssyni og Helgu Thoroddsen, sömuleiðis þakkað fyrir óeigingjarna aðstoð við vettvangsvinnu á Þingeyrum og Trumbsvölum.

Þingeyrar

Þingeyraklaustur var formlega stofnað árið 1133 (Helgi Þorláksson 2008 og Gunnar Karlsson 2008). Kirkja var þá þegar á staðnum en hún var byggð árið 1106 (Janus Jónsson 1887, bls.

182). Þingeyraklaustur er yfirleitt talið vera fyrsta klaustrið á Íslandi vegna farsæls reksturs í rúmar fjórar aldir. Þegar það var stofnað hafði einu sinni áður verið gerð tilraun til reksturs klausturs og fór hún út um þúfur. Það var á Bæ í Borgarfirði 100 árum fyrr. Þingeyrarklaustur varð mjög auðugt en þar var Benediktsregla. Var það rekið allt til ársins 1551 (Janus Jónsson, 1887, bls. 182 og 200).

Þingeyrar hafa frá fornu fari verið ein af búsældarlegustu jörðum í Húnaþingi. Þar var þingstaður fyrir tíma klaustursins og talið er að hringlaga rúst norðan við núverandi bæjarstæði sé dómhringur frá tímum hans (Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, 2006, bls. 28–30). Það hefur ekki verið kannað með uppgrefti en fjarkannanir benda til þess að rústin kunní að vera af kirkju og hringlaga kirkjugarði (mynd 1).



Mynd 1: Niðurstöður úr viðnámsmælingu á dómhring. Á myndinni má sjá móta fyrir kirkjulaga rúst innan dómhingsins (©Grampus Heritage and Training Ltd).

Þessi hringlaga garður er friðlýstur (*Fornleifaskrá* 1990, bls. 42–43) og hvílir friðhelgi á 100 m stóru svæði í kringum hann samkvæmt 22. grein Menningarminjalaga (Lög um menningarminjar 2012). Þess ber að geta að Minjastofnun veitir ekki leyfi til uppgrafta á friðlýstum minjum nema með sérstökum undanþágum sem metnar eru í hverju tilfelli fyrir sig.

Núverandi kirkja, sem byggð var á Þingeyrum á árunum 1864–1877, var ekki reist á gamla kirkjustæðinu, heldur á nýju stæði norðvestan við það gamla sem er steinsnar frá gamla bæjarstæðinu (*Lýsing Þingeyrarkirkju og ræður við vígslu hennar* 1878; Kålund 1986, bls. 122). Ekki er samt vitað hvort að allar eldri kirkjurnar stóðu á sama stað eða nákvæmlega hvar. Nærri gamla kirkjugarðinum eru allmiklir hólar og segja nýlegar munnmælasögur að klaustrið og kirkjan hafi staðið þar (Björk Axelsdóttir 1984, bls. 75). Eldri munnmæli segja

hins vegar ýmist að Þingeyrabærinn og jafnvel Þingeyrarklaustur hafi í fyrstunni staðið á Trumbsvölum¹ sem er nær óþekkt eyðijörð um 700 m NV við núverandi bæjarstæði (Kálund 1986, bls. 22; Árni Magnússon og Páll Vídalín 1926, bls. 250). Þar má í dag sjá miklar rústir á tveimur til þremur afmörkuðum svæðum innan upphlaðins túngarðs. Túngarðurinn var friðlýstur árið 1930 (*Fornleifaskrá* 1990, bls. 42-43) og hvílir því friðhelgi á honum eins og á dómhringnum. Örnefni sem tengjast klausturlifnaði á Þingeyrum eru annars mjög fá (Hermann Jakob Hjartarson 2014, bls. 19–20).

Fjarkannanir

Í fyrri vettvangsferðinni sem farin var í lok apríl voru gerðar fjarkannanir á bæjarstæðunum á Þingeyrum og á Trumbsvölum. Á mynd númer 2 má sjá þá staði sem voru mældir merktá inn með fjólubláum lit en það voru tón heima við bæjarstæðið á Þingeyrum og rústasvæði á eyðijörðinni Trumbsvölum sem sjá má nyrst á myndinni.



Mynd 2: Mæliferlar fjarkannana á Þingeyrum (kort: Vala Gunnarsdóttir).

¹ Eyðijörðin Trumbsvalir gengur undir ýmsum nöfnum í heimildum. Í úttekt á Þingeyrum frá 1525 er jörðin kölluð Trumholer (DI IX, bls. 314). Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926, bls. 250) kalla hana ýmist Trumbsaler eða Trumsaler. Kálund (1986, bls. 22) kallar hana Trumsali en í þýðingu á bók hans er jörðin kölluð Þrymsalir. Loks er jörðin sögð heita Trummsvalir í *Frásögum um fornaldarleifar* (1983, bls. 468–469). Hér verður heitið Trumbsvalir notað.

Á Trumbsvölum sjást, sem fyrr getur, móta fyrir verulegum rústaleifum enda þótt allt svæðið innan túngarðsins sé mjög þýft en mikil sina hefur auk þess safnast innan þess í aldanna rás. Af þessum sökum reyndist túnið vera afar erfitt yfirferðar til mælinga og þegar betur var að gáð reyndust niðurstöður úr öllum jarðsjármælingunum frá Trumbsvölum ónothæfar (Graham 2014, bls. 3–4; Margrét Valmundsdóttir 2014, bls. 2).

Dómhringurinn svokallaði norðaustur af bænum var aftur á móti mældur en auk þess voru nokkrar mælingar gerðar nærri honum. Þá voru mælingar gerðar á tveimur svæðum suður af íbúðarhúsinu en þar hafði Brynjúlfur Jónsson skráði rústir af þingbúðum þegar hann var þar í rannsóknarferð skömmu fyrir aldamótin 1900 (1895, bls. 8-9). Niðurstöður úr þessum mælingum voru mun betri en á Trumbsvölum og gáfu til kynna mikið viðnám í jörðu. Mælingar með radarjarðsjánni á dómhringnum komu ágætlega út en gáfu þó ekki meiri upplýsingar um rústirnar umfram það sem sést á yfirborðinu (Margrét Valmundsdóttir 2014, bls. 2–3). Mælingar með viðnámsmæli og segulmæli gengu mun




Mynd 3: Viðnámsmæling á Þingeyrum, bærinn sést í baksýn (ljósmyndari: Steinunn Kristjánsdóttir).

betur og sýndu niðurstöður þeirra hringlaga rústina en einnig tvo mögulega innganga í hana ásamt nokkrum mögulegum stoðarholum. Tvær af stoðarholunum eru staðsettar við meintan inngang og gætu hafa verið af hliði (sjá mynd 1). Einnig mældust rústir í kring um dómhringinn og á gamla kirkjustæðinu, sem svo er nefnt (Graham 2014, bls. 5–6).

Könnunarskurðir á Trumbsvölum

Vegna friðlýsingarinnar sem hvílir á Þingeyrum hafnaði Minjastofnun því að svæðið nærri dómhringnum væri skoðað með könnunarskurðum. Þá þótti rétt að kanna hversu gamlar og hvers eðlis rústirnar eru á Trumbsvölum, bæði vegna umfangs þeirra en einnig vegna munnmælanna sem á þeim hvíla. Þær eru meiri að umfangi en búast má við af rústum á bæjarstæði frá miðöldum. Jörðin sem er afgirt með hlöðnum túngarði sér sig úr umhverfinu því utan hans eru hálfgrónir melar. Ekkert vatn er á Trumbsvölum, frekar en á Þingeyrum, en í *Frásögum um fornaldarleifar* (1983, bls. 468–469) er sagt að niðurgrafinn vatnsstokkur liggi að jörðinni. Hafi Þingeyraklaustur upphaflega staðið þar, eins og munnmæli segja, má búast við nokkuð heillegum rústum bygginga þess vegna þess að þeim hefur ekki verið raskað eftir

að byggð þar lagðist af, hvenær sem það var. Lítið er vitað um Trumbsvalir annað en að hún var í eigu Þingeyraklausturs en er að líkindum komin í eyði fyrir 1686 (Árni Daníel Júlíusson 2014, bls. 54). Í úttekkt Þingeyraklausturs frá árinu 1525 er þess einmitt getið að klausturjörðin Trumholer sé í eyði en verðgildi hennar er ekki þekkt (DI IX 1909-1913, bls. 314).



Mynd 4: Staðsetning könnunarskurða á Trumbsvölum (kort: Vala Gunnarsdóttir).

Leyfi var aðeins veitt til töku tveggja könnunarskurða á Trumbsvölum undir eftirliti minjavarðar Norðurlands vestra vegna friðlýsingarinnar sem hvílir á túngarðinum þar. Leyfið var eingöngu veitt til þess að freista þess að aldursgreina tiltekna rústir innan jarðarinnar. Voru þeir 2 x 1m á stærð hvor og var staðsetning þeirra ákvörðuð í samráði við Þór Hjaltalín minjavörð (sjá staðsetningu skurðanna á mynd 4).

Könnunarskurður 1 var tekinn í aflanga rúst syðst og austarlega innan túngarðs Trumbsvala. Efsta lagið var um 53 cm þykkt. Það var fokmold með torfskellum og hleðslusteinum á stangli. Þessi jarðvegur var raskaður og innihélt blöndu af forsögulegri gjósku, landnámsgjósku og gjósku úr Heklugosi árið 1104. Á um 80cm dýpi kom síðan í ljós óslitið gjóskulag úr Heklugosinu árið 1104. Það var mest áberandi vestast í skurðinum og fyrir miðju. Hins vegar var gjóskan röskuð í norðurenda skurðarins. Undir gjóskulaginu var síðan óhreyft gólflag með kolum og ösku. Hvorki 1104 gjóskan né gólflagið sást í suðursniði skurðsins, aðeins í vestursniði. Í austurenda skurðsins var þunnt lag af fokmold undir gólflaginu, þar næst kom landnámsgjóskan í ljós (Magnús Á. Sigurgeirsson 2014, bls. 1–2).

Engir gripir fundust í skurðinum og aðeins eitt dýrabein. Þar sem að gjóskan úr gosinu í Heklu árið 1104 lá yfir góflagin er hægt að segja með vissu að rústin var byggð og notuð fyrir þann tíma. Jarðraskið ofan við hana sýnir hins vegar búsetu á staðnum á klausturtíma en ekki hvers eðlis hún var.



Mynd 5: Snældusnúður sem fannst í könnunarskurði 2. Hann er nr. 2014-39-7 (ljósmyndari: Vala Gunnarsdóttir).

Könnunarskurður 2 var tekinn í allstóru rústasvæði nokkurn veginn fyrir miðju innan túngarðsins (mynd 4). Undir yfirborðslaginu tók við torf sem var blandað með H3 gjósku og úr gosinu 1104. Undir torfblöndunni var móaska sem takmarkaðist við austurhorn skurðsins en hún lá á milli þriggja steina sem hafði verið raðað í hálfhring. Undir móöskunni voru kol, aska og brennd bein. Þarna er því líklega um að ræða hluta af eldstæði. Í jarðlaginu í kring fundust nokkrir gripir, t.d. járnagli, brýni og snældusnúður úr grænum sandsteini (mynd 5). Einnig fannst unninn viðargripur sem gæti verið snældan af snældusnúðnum. Hann var þó brotinn eins og snældusnúðurinn sjálfur. Þar sem að gjóska úr 1104 var í torfinu er hægt að segja með nokkurri vissu að byggingin sem rústin er af var byggð eftir að þetta gos varð í Heklu. Það bendir til búsetu á staðnum á klausturtíma. Ekki lá neitt gjóskulag yfir til að aldursgreina búsetuna frekar en ritaðar heimildir benda líkt og fyrr getur til þess að Trumbsvalir séu komnar í eyði á 16. öld.

Niðurstöður

Það voru mikil vonbrigði þegar leyfi um töku könnunarskurða á Þingeyrum var synjað af Minjastofnun. Fjarkannanir benda til þess að þar séu í jörðu miklar minjar sem ekki eru endilega tengdar þingstaðnum en friðlýsingin nær eingöngu til þeirra. Og enda þótt leyfi hafi verið veitt til tímabundinna rannsókna á Trumbsvölum náðu þær eingöngu til töku tveggja könnunarskurða og einungis til aldursgreininga á eyðijörðinni. Frekari rannsóknir þar verða því ekki leyfðar, burtséð frá því hvort niðurstöður sýndu byggð þar á klausturtíma eða ekki. Þær rannsóknir sem fram fóru á Trumbsvölum benda á hinn bóginn til mikilla umsvifa á staðnum á klausturtíma á Þingeyrum. Þar var án efa stórbýli á miðöldum og ekkert útilokar enn sem komið er að klaustrið hafi staðið þar, eins og munnmæli kveða á um. Þá getur Þingeyrabærinn hafa staðið þar upphaflega en verið fluttur síðar á núverandi bæjarstæði.

Heimildaskrá

Árni Daníel Júlíusson (2014). *Jarðeignir kirkjunnar og tekjur af þeim 1000-1550*. Reykjavík: Center for Agrarian Historical Dynamics.

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1926). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, áttunda bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.

Björk Axelsdóttir (1984). Þingeyraklaustur á miðöldum. *Húnavaka*, 24. árg. bls. 73-87

Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga (2006). *Fornleifaskrá Þingeyra*. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagfirðinga.

Brynjúlfur Jónsson (1895). Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*, bls. 1–10. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

DI – *Diplomatarium Islandicum*. *Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn* (1909–1913). 9. bindi. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar (1990). Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík: Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands.

Frásögur um fornaldarleifar (1983). Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Bindi I og II. Reykjavík Stofnun Árna Magnússonar.

Graham, M. (2014). *Monasteries in Iceland. Report on Geophysical Survey. Season 1*. [Skýrsla]. Wigton: Grampus Heritage and Training Ltd. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/MARK_2014.pdf

Gunnar Karlsson (2008). Stofnár Þingeyraklausturs. *Saga* 46(1), bls. 159–167

Helgi Þorláksson (2008). Þorgils á Þingeyrum. Um upphaf Þingeyraklausturs. *Saga* 46 (1), bls. 168–180.

Hermann Jakob Hjartarson og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Rannsókn á örnefnum um klaustur á Íslandi*. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/ORN_2014.pdf

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 8. árg., bls. 174–265.

Kálund, P.E. Kristian (1986). *Íslenskir sögustaðir III*. Norðlendingafjórðungur. Íslensk þýðing, Haraldur Matthíasson. Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF, Reykjavík.

Lýsing Þingeyrarkirkju og ræður við vígslu hennar (1878). Sigm. Guðmundsson tók saman. Reykjavík: Prentsmiðja Ísafoldar.

Lög um Menningarminjar nr. 80/2012. Lagasafn Alþingis. Skoðað þann 17 desember 2013 á <http://www.althingi.is/altext/140/s/1610.html>

Magnús Á. Sigurgeirsson (2014). *Klausturrannsóknir sumarið 2014*. Gjóskulagarannsókn. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/GOS_2014.pdf

Margrét Valmundsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir (2014). *Klaustur á Íslandi. Skýrsla um jarðsjármælingar sumarið 2014*. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/RADAR_2014.pdf

Viðaukar

1. Fundaskrá

Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Svæði T.lag	J - lag	Skráð af	Ath.
18.8.2014	2014- 39-1	Sýni	Jarðvegur	K1		1 HH	Sýni í fötu. Á ca 50 cm dýpi miðsvæðis í skurði.
18.8.2014	2014- 39-2	Beinbrot	Dýrabein	K1		1 HH	Brot af beini, ca. 1 x 2.5cm
18.8.2014	2014- 39-3	Sýni	Gjóska	K1	T2	2 HH	Hvítleit gjóska
18.8.2014	2014- 39-4	Sýni	Gjóska	K1		4 HH	Ljósulleit gjóska
18.8.2014	2014- 39-5	Sýni	Jarðvegur- Gólflag?	K1		5 HH	Gólflag? Brúnleitt.
19.8.2014	2014- 39-6	Sýni	Jarðvegur- Móaska	K2	T2	3 HH	Móaska íl A-hlið
19.8.2014	2014- 39-7	Snældusnúður	Steinn	K2		4 HH	Snældusnúður, líklega úr grænum sandsteini. Er um 5x5 cm. Miðalda. Fannst á 68 cm dýpi í A-horni undir steini í mögulegu eldstæði.
19.8.2014	2014- 39-8	Brýni	Flöguberg/slate	K2		4 HH	Lítið brýni 5cm, brotið. A-horn.
19.8.2014	2014- 39-9	Viðargripur	Viður	K2		4 HH	ca 3-4 cm. Gæti verið hali úr snúðnum, eða viðarnagli.
19.8.2014	2014- 39-10	Holufylling	Steinn	K2		4 HH	2 holufyllingar.
19.8.2014	2014- 39-11	Bein	Dýrabein	K2		4 HH	Bein úr litlu dýri, fugli?
19.8.2014	2014- 39-12	Sýni	Jarðvegur	K2		4 HH	Sýni í poka.
19.8.2014	2014- 39-13	Nagli	Járn	K2		4 HH	Lítill járnagli.
19.8.2014	2014- 39-14	Járnþynna	Járn	K2		2 HH	ca 3 x 3 var í v. horni.
19.8.2014	2014- 39-15	Sýni	Gjóska	K2		HH	Gjóska/sandur- tekið úr sniði ofan við torflag, samt í torfi.
19.8.2014	2014- 39-16	Sýni	Gjóska	K2		HH	Gjóska, úr torfi- 1104?

2. Jarðlagaskrár

STAÐUR: Þingeyrar - Trumbsvalir


VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014-39

LEYFISNÚMÉR: 2014060007

SKURÐUR: K1/2

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
T1	1	Fokmold með torfslettum og stórum steinum á stangli	53	1		18.8.2014
T2	2	Ljóst næstum hvítt gjóskulag in situ í vesturenda að hverfa		3	1104?	18.8.2014
	3	Brúnt gólflag með kolaslettum. Liggur í raun á milli 2 og 4.		5		
	4	Ljósulleit gjóska in situ í austurenda. Að birtast		4	Um 900 f kr?	
	5	Dautt óljósmyndað				18.8.2014


MATRIX/FLÆÐIRIT Jarðlaga:



STAÐUR: Trumbsvalir
 VERKEFNISNÚMÉR: KLI-2014- 39
 LEYFISNÚMÉR: 2014060007
 SKURÐUR: K2/2


Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
T0	1	Yfirborðslag, fokmold	30			19.8.2014
T1	2	Torf. H3 blandað í. 4 cm í a horni en niður í óhreyft í v horni.	4		Móöskuslettur í A horni við stein ca 5x5, varð að jarðl 3	19.8.2014
T2	2	Torf í vesturhorni				19.8.2014
	3	Móaska. Takmörkuð við A horn milli þriggja steina sem liggja í hálfhring.	4-5	6	Eldstæði?	
T3	2	Torf í vesturhorni				19.8.2014
	4	Kol og brennd bein. Öskublandað. Í austurhorni.		12	Gripir	19.8.2014
T4	5	Óhreyft. Byrjar í 65 cm í A horni undir eldstæði en er dýpra, 70-75 cm dýpi í v horni undir torfi.				19.8.2014

MATRIX/FLÆÐIRIT Jarðlaga:




3. Teikningar


Trumsvalir - Könnunarskurður 1



Trumsvalir - Könnunarskurður 2




Trumbsvalir K1 Vestur snið




- Fokmold A er með litlum flekkjum úr H1104 og flekkjum úr forsögulegu gjóskunni


Trumbsvalir K1 Suður snið



Trumbsvalir K2 Norður snið



Trumbsvalir K2 Vestur snið



4. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá									
Rannsóknastaður Þingeyrar									
Leyfisnúmer 2014060007									
Safnnúmer 2014-39									
Leyfisnúmer	Heiti	Rannsóknarstaður	Sveitarfélag	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Myndavél	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2014060007	Trumbsvalir_2014 0425_Vinumynd _SK_01	Þingeyrar	Húnaþing	25.4.2014	Staðið á vegg	Fuji Finepix 9500		SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0425_Vinumynd _SK_02	Þingeyrar	Húnaþing	25.4.2014	Jarðsjármæling	Fuji Finepix 9500		SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0425_Vinumynd _SK_03	Þingeyrar	Húnaþing	25.4.2014	Jarðsjármæling	Fuji Finepix 9500		SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0425_Vinumynd _SK_04	Þingeyrar	Húnaþing	25.4.2014	Jarðsjármæling	Fuji Finepix 9500		SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 01	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 02	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 03	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 04	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	

	04					9500			
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 05	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 06	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 07	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	A	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 08	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	A	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 09	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	A	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T1_HHH_ 10	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 1	Fuji Finepix 9500	V	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ HHH_11	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd. Steinunn, Vala, Þór, Hermann.	Fuji Finepix 9500	-	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ HHH_12	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd. Þór.	Fuji Finepix 9500	-	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ HHH_13	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd.	Fuji Finepix 9500	-	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd.	Fuji Finepix	-	HHH	

	HHH_14					9500			
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_1104gjóska_ HHH_15	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd. 1104 gjóska.	Fuji Finepix 9500	-	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_gjósikulög_H HH_16	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd. Gjóska.	Fuji Finepix 9500	-	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T2_SK_1 7	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 2	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T2_SK_1 8	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 2	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T2_SK_1 9	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 2	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1,T2_SK_2 0	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, lag 2	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_21	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ SK_22	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd.	Fuji Finepix 9500	-	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ HHH_23	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnumynd.	Fuji Finepix 9500	-	HHH	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur	Fuji Finepix	V	SK	

	V_SK_24				snið.	9500			
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_25	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_26	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_27	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_28	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnmynd_ SK_29	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Vinnmynd.	Fuji Finepix 9500	-	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_30	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_31	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_32	Trumbsvalir	Húnaþing	18.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_33	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur	Fuji Finepix	V	SK	

	V_SK_34				snið.	9500			
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_35	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið V_SK_36	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, vestur snið.	Fuji Finepix 9500	V	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ SK_37	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Vinnumynd.	Fuji Finepix 9500	-	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_vinnumynd_ SK_38	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Vinnumynd.	Fuji Finepix 9500	-	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið A_SK_39	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið A_SK_40	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið A_SK_41	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið A_SK_42	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0818_K1 Snið A_SK_43	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	

	A_SK_44								
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_45	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_46	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_47	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_48	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_49	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið S_SK_50	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið S	Samsung GT-I9300	S	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið S_SK_51	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið S	Samsung GT-I9300	S	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið S_SK_52	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið S	Samsung GT-I9300	S	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið S_SK_53	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið S	Samsung GT-I9300	S	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið S	Samsung GT-I9300	S	SK	

	S_SK_54								
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_55	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_56	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_57	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_58	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_59	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_60	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_61	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K1 Snið A_SK_62	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K1, snið A	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T1_SK_63	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 1	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 1	Samsung GT-I9300	N	SK	

	T1_SK_64								
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T1_SK_65	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 1	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T1_SK_66	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 1	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_vinumynd_ SK_67	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Vinumynd	Samsung GT-I9300	-	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T2_SK_68	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 2	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T2_SK_69	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 2	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T2_SK_70	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 2	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T3_SK_71	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 3	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T3_SK_72	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 3	Samsung GT-I9300	A	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T3_SK_73	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 3	Samsung GT-I9300	S	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 3	Samsung GT-I9300	A	SK	

	T3_SK_74								
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 T3_SK_75	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, lag 3	Samsung GT-I9300	-	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 N_SK_76 snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, N snið	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 N_SK_77 snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, N snið	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 N_SK_78 snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, N snið	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 N_SK_79 snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, N snið	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 N_SK_80 snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, N snið	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_K2 N_SK_81 snið	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Könnunarskurð ur K2, N snið	Samsung GT-I9300	N	SK	
2014060007	Trumbsvalir_2014 0819_vinnumynd- þór_SK_82	Trumbsvalir	Húnaþing	19.8.2014	Vinnumynd- þór	Samsung GT-I9300	-	SK	

5. Kort af miðaldaklaustrunum

